

## Tillaga til þingsályktunar

### um þjóðaratkvæðagreiðslu um framtíð Reykjavíkurflugvallar.

Flm.: Njáll Trausti Friðbertsson, Ásmundur Friðriksson, Haraldur Benediktsson,  
Óli Björn Kárason, Páll Magnússon, Jón Gunnarsson, Vilhjálmur Árnason,  
Anna Kolbrún Árnadóttir, Sigurður Páll Jónsson, Þórarinn Ingi Pétursson,  
Líneik Anna Sævarsdóttir, Inga Sæland, Karl Gauti Hjaltason,  
Halla Signý Kristjánsdóttir, Lilja Rafney Magnúsdóttir, Bergþór Ólason.

Alþingi ályktar að efnt skuli til þjóðaratkvæðagreiðslu um hvort flugvöllur og miðstöð innanlands- og sjúkraflugs skuli vera áfram í Vatnsmýrinni í Reykjavík. Eftirfarandi spurning verði borin upp í þjóðaratkvæðagreiðslunni:

„Vilt þú að flugvöllur og miðstöð innanlands-, kennslu- og sjúkraflugs verði áfram í Vatnsmýrinni í Reykjavík uns annar jafngóður eða kostur er tilbúinn til notkunar?

- Já.
- Nei.“

#### Greinargerð.

Sambærilegar tillögur voru fluttar á 145. löggjafarþingi (847. mál), 146. löggjafarþingi (424. mál), 148. löggjafarþingi (392. mál) og 149. löggjafarþingi (86. mál). Lagt er til að fram fari þjóðaratkvæðagreiðsla um framtíð Reykjavíkurflugvallar. Með því fær þjóðin tækifæri til þess að segja hug sinn og hafa áhrif á það hvar flugvöllurinn og miðstöð innanlands- og sjúkraflugs verða í fyrirsjáanlegri framtíð, m.a. með tilliti til þjóðhagslegra hagsmunu. Ríkir almannahagsmunir felast í greiðum samgöngum innan lands og staðsetning flugvallarins og miðstöðvar innanlandsflugs hefur afar mikla þýðingu í því samhengi. Flugvöllurinn gegnir mjög mikilvægu öryggishlutverki fyrir almenning í landinu vegna sjúkra- og neyðarflugs, svo og sem varaflugvöllur. Þá gegnir flugvöllurinn mjög mikilvægu hlutverki í almannavarnarkerfi landsins. Frekar má lesa um mikilvægi öryggishlutverks Reykjavíkurflugvallar í skýrslu Þorgeirs Pálssonar, fyrrverandi flugmálastjóra, til samgöngu- og sveitarstjórnarráðherra, *Hlutverk Reykjavíkurflugvallar í öryggiskerfi landsins (ágúst 2017)*.

Staðsetning flugvallarins hefur verið umdeild í nokkurn tíma. Í kjölfar dóms Hæstaréttar frá 9. júní 2016 í máli nr. 268/2016 var íslenska ríkinu gert skylt að loka norðaustursuðvestur-flugbraut Reykjavíkurflugvallar (flugbraut 06/24) í samræmi við samkomulag þáverandi innanríkisráðherra og borgarstjórans í Reykjavík frá árinu 2013. Hefur umræddri flugbraut nú verið lokað.

Eftir sem áður ríkir ekki einhugur um framtíðarstaðsetningu Reykjavíkurflugvallar og hlutverk hans sem samgöngumiðstöðvar til framtíðar, en aðalskipulag Reykjavíkur gerir ráð fyrir því að flugvöllurinn víki í áföngum eftir árið 2022. Fyrir liggur að flugvöllurinn lokast í reynd þegar norður-suður-brautinni verður lokað sem Reykjavíkurborg stefnir að 2022. Í því sambandi þarf einnig að horfa til þess að í samgönguáætlun fyrir árin 2011–2022, sem samþykkt var með ályktun Alþingis nr. 48/140, er gert ráð fyrir því að flugvöllur verði í

Reykjavík til ársins 2022 hið minnsta þótt ekki sé með skýrum hætti kveðið á um staðsetningu hans. Þá er í samgönguáætlun fyrir árin 2019–2033, sem samþykkt var með ályktun Alþingis nr. 11/149, miðað við að Reykjavíkurflugvöllur geti áfram þjónað innanlandsflugi á fullnægjandi hátt á meðan annar jafn góður eða betri kostur er ekki fyrir hendi. Við meðferð málsins kom fram að 15–20 ár tæki að byggja upp nýjan flugvöll á öðrum stað. Það er því afar brýnt að þjóðin fái tækifær til þess að segja hug sinn varðandi umrætt málefni og hafa þannig áhrif á endanlega niðurstöðu málsins sem gæti m.a. falist í tilfærslu á skipulagslegu ákvörðunarvaldi með lögum, að teknu tilliti til mikilvægra almannahagsmuna.

Áréttu ber að Reykjavíkurflugvöllur gegnir fjölbættu hlutverki í samgöngum landsbyggðarinnar og höfuðborgarinnar. Völlurinn er óumdeilanlega miðstöð innanlandsflugs og gegnir í því sambandi lykilhlutverki. Um flugvöllinn fara að jafnaði um 400 þúsund farþegar á ári og hefur þeim farið fjölgandi. Tilgangur hluta ferðanna er að sækja brýna læknisþjónustu á höfuðborgarsvæðið. Flugvöllurinn gegnir lykilhlutverki í sjúkra- og neyðarflugi og tengist þannig brýnum öryggishagsmunum almennings, en hann er óumdeilanlega ein helsta tenging landsbyggðarinnar utan suðvesturhornsins við Landspítala.

Árið 2017 voru farin 799 sjúkraflug á vegum Mýflugs innan lands með 849 sjúklinga en auk þess var nokkur fjöldi fluttur í sjúkraflugi með þyrlum Landhelgisgæslunnar. Á síðasti liðnu ári voru fluttir 733 sjúklingar í sjúkraflugi um Reykjavíkurflugvöll með flugvélum Mýflugs, frá Reykjavík 219 og til Reykjavíkur 514 sjúklingar. Við þessar tölur bætast síðan sjúkraflutningar á þyrlum gæslunnar. Á síðasta ári voru fluttir 138 einstaklingar í sjúkraflugi til Reykjavíkur með þyrlum Landhelgisgæslunnar. Það má reikna með að 85% af sjúkraflutningunum í lofti séu með sjúkraflugvélum og um 15% með þyrluflugi.

Stjórnvöld hafa markað þá opinberu stefnu í heilbrigðismálum að hér á landi verði aðeins byggt upp og rekið eitt hátaeknisjúkrahús og það við Hringbraut í Reykjavík, í næsta nágrenni við flugvöllinn. Greiðar samgöngur milli flugvallar og sjúkrahússins eru því nauðsynlegar til að tryggja aðgengi almennings á landsbyggðinni að sjúkrahúsini.

Flugvöllurinn gegnir einnig lykilhlutverki í tengingu landsbyggðarinnar við opinbera grunnþjónustu og mikilvægar opinberar stofnanir, sem eru flestar staðsettar á höfuðborgarsvæðinu, og jafnframt við almenna verslun og þjónustu. Flugvöllurinn er einnig mikilvæg miðstöð kennsluflugs, eftirlits og leitar- og björgunarflugs og mikilvægur varaflugvöllur fyrir Keflavíkurflugvöll. Þá gegnir flugvöllurinn æ stærra hlutverki í tengslum við stóraukna ferðaþjónustu og tækifærí eru til að dreifa ferðamönnum betur um landið í gegnum flugvöllinn.

Öll framangreind atriði, auk almenns hagræðis sem leiðir af styrku innanlandsflugi, m.a. með tilliti til umhverfis- og öryggisþáttu, eru afar mikilvæg og þess eðlis að nauðsynlegt er að flugvöllurinn verði í Vatnsmýrinni svo að hann geti með sóma sinnt hlutverki sínu þannig að landsmenn allir hafi greiðan aðgang að höfuðborginni.

Í skýrslu innanríkisráðuneytisins um félagshagfræðilega greiningu á framtíð innanlandsflugs frá 2014 kemur fram að áætlunarflug innan lands dragist að öllum líkindum mikil í saman og verði jafnvel ekki fýsilegt ef það verður flutt frá Reykjavík, t.d. til Keflavíkurflugvallar. Það er því forsenda fyrir virku innanlandsflugi á Íslandi að miðstöð innanlandsflugs sé í Reykjavík og þannig í nánum tengslum við þá þjónustu sem landsmenn sækja til höfuðborgarinnar. Í skýrslunni kemur einnig fram að innanlandsflugið sé þjóðhagslega arðbært og að þjóðhagslegur ávinningur af því til 40 ára sé um 70 milljarðar kr. á virði ársins 2013.

Alykti Alþingi að fram skuli fara almenn og leynileg þjóðaratkvæðagreiðsla um tiltekið málefni eða lagafrumvarp fer um framkvæmdina samkvæmt lögum um framkvæmd þjóðaratkvæðagreiðslna, nr. 91/2010, og er niðurstaða slíkrar atkvæðagreiðslu ráðgefandi.

Öll skynsamleg rök hníga í þá átt að halda flugvellinum og miðstöð innanlandsflugs í Vatnsmýrinni en verði þar einhver breyting á er nauðsynlegt að öll þjóðin fái að koma að þeirri ákvörðun á beinan og lýðraeðislegan hátt.

Við meðferð málsins á 149. löggjafarþingi var því vísað til umhverfis- og samgöngu-nefndar sem sendi það til umsagnar. Nefndinni barst 21 umsögn um málið. Yfirgnæfandi meiri hluti sveitarfélaga og samtök sveitarfélaga sem sendu inn umsögn studdu efni tillög-unnar um að landsmenn allir fengju að hafa skoðun á framtíð Reykjavíkurflugvallar. Aðeins Reykjavíkurborg var því mótfallin. Í umsögn Félags íslenskra atvinnuflugmanna kom fram að ærið tilefni væri til að halda slíka þjóðaratkvæðagreiðslu. Reykjavíkurflugvöllur væri samgöngumannvirki sem þjónaði öllum íbúum landsins. Þá kom fram í sameiginlegri umsögn WOW air, stjórnar Íslenska flugmannafélagsins og öryggisnefndar Íslenska flugmannafélagsins að þjóðaratkvæðagreiðsla um framtíð Reykjavíkurflugvallar væri þjóðþrifamál. Ekki væri um einkamál Reykjavíkurborgar að ræða, sérstaklega í ljósi þess að ríkið væri eigandi meiri hluta landsins undir flugvellinum. Þá væri hann mikilvægur út frá hagkvæmnis- og umhverfissjónarmiðum sem varaflugvöllur þar sem varaeldsneytisborgðir væru töluvert minni ef notast væri við hann sem varaflugvöll. Landfræðilega væri Vatnsmýrin ein besta staðsetningin fyrir flugvöll á höfuðborgarsvæðinu, með tilliti til opinberra stofnana og Landspítalans.

Flutningsmenn telja því ljóst að mikil þörf er á að fram fari þjóðaratkvæðagreiðsla um þetta brýna samgöngu- og öryggismál þjóðarinnar.